

Jafnréttisáætlun

2021-2024



Hvolsskóli

Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Hvolsskóla og byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og 151/2020, Jafnréttisstefnu Rangárbings eystra og Aðalnámskrá grunnskóla.

Í lögum um jafnrétti kynjanna kemur fram að öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn beri að setja sér jafnréttisáætlun. Tilgangurinn með lögunum er fyrst og fremst sá að tryggja að hæfileikar og færni allra fái sín notið.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 er ítrekað fjallað um jafnrétti og rétt nemenda til að starfa í grunnskóla sem tekur jafnréttismál föstum tókum. Sem dæmi má nefna að í 2. grein stendur: *Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.* Í 24. grein laganna er fjallað nánar um þetta: *Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.* Jafnrétti er ein af grunnstoðum Aðalnámskrár grunnskóla og á því að vera hluti af öllu skólastarfi. Í Hvolsskóla ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum fólks sem birtist m.a. í starfsháttum þar sem samskipti nemenda og starfsmanna einkennast af lýðræðislegri ákvarðanatöku. Skólastarf í anda jafnréttis sem tekur mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og veitir þeim tækifæri á að byggja nám sitt á áhuga, hæfileikum og færni.

Á grundvelli jafnréttis ber skólastjórnendum og öllu starfsfólki skylda til þess að tryggja öllum nemendum jafna möguleika til náms og þátttöku í skólastarfi. Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli sem birtist í einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu og sveigjanleika í kennsluháttum. Miðað skal við þarfir og getu hvers og eins, með það að markmiði að stuðla að hámarksárangri. Einkunnarorð skólans eru virðing, gleði, vinátta. Litið er þannig á að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf.

Allt starfsfólk á þar að auki að búa við jöfn tækifæri til starfa, ábyrgðar, launa, starfsþjálfunar og sömu tækifæra til að samræma fjölskyldulíf og starf.

Jafnréttisstefna Hvolsskóla nær til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist áætlunin í þrjá hluta, þ.e. nemendur, starfsmenn og foreldrar.

Það má líta á jafnréttisstefnu sem viljayfirlýsingu. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á jafnréttisstefnu skólans. Hins vegar getur hann falið kennurum/starfsmönnum að semja hana og fylgja henni eftir. Árlega þarf að fara í gegnum úrbótaáætlun, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða jafnréttisáætlunina í heild sinni á þriggja ára fresti. Þessi áætlun gildir 2021-2024.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlun þessi skal kynnt sérstaklega fyrir foreldrum og sérstök áhersla lögð á þann hluta sem snýr að nemendum.

Áætlunina sem og úrbótaáætlun má nálgast á heimasíðu skólans.

Að ná settu marki.

Eftirfylgni er með jafnréttisáætlun og hvernig henni er viðhaldið - heildarendurskoðun er gerð á þriggja ára fresti.

Úttekt á hvernig jafnréttisfræðsla birtist í skólanámskrá, námsvísunum og kennsluáætlunum.

Vekja starfsfólk til umhugsunar um viðhorf sitt til jafnréttismála og hvernig þeir mæta kröfum um jafnréttisfræðslu.

Nemendur

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem meðal annars er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og kynjahlutfall nemenda í nefndum og ráðum er jafnt.

Starfsfólk

Orðalag starfsauglýsinga sé í anda jafnréttislaga og við ráðningar til starfa sé ætíð gætt jafnréttis. Við ráðningar skal þess gætt að ef velja þarf á milli jafn hæfra einstaklinga verði sá fyrir valinu sem er af því kyni sem er í lægra hlutfalli starfsmannahópsins.

Tryggja að jafnréttis sé gætt þegar þátttaka í launaðri yfirvinnu stendur til boða þó fagleg færni sé fyrst höfð að leiðarljósi. Starfsfólk skal eiga sem jafnastan aðgang að því er talist geta hlunnindi og skulu möguleikar til tekjuöflunar vera jafnir.

Allt starfsfólk fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Að skoðað sé árlega endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna endurmenntunar óháð kyni og stöðu.

Þess skal gætt að starfsmenn hafi jöfn tækifæri til áhrifa á skólaþróun og til mótunar skólastarfs óháð kyni.

Að starfsmenn fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni og þekki hvert þeir geta leitað bæði innan og utan skólans.

Allt starfsfólk skólans fái jafnréttisfræðslu

Foreldrar

Foreldrum sé kynnt jafnréttisáætlun skólans.

Að tryggja sem jafnasta aðkomu beggja foreldra að skólastarfi t.d. á formlega fundi í skólanum eða þegar foreldrar fá sendan hóppóst. Ef hringja þarf heim og ná í foreldri þarf að hafa hugfast að hringja jöfnum höndum í feður og mæður. Einnig senda tilfallandi tölvupósta varðandi nemanda á báða foreldra.

Þess sé gætt að báðir foreldrar séu hvattir jafnt til að taka þátt í foreldrastarfi skólans.

Jafnrétti - framkvæmdaráætlun Hvolsskóla skólaárið 2021 – 2024

Nemendur	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Móttaka nýrra nemenda byggir á jafnréttissjónarmiðum, leitast er við að kanna bakgrunn nemenda og áhugamál.	Unnið eftir móttökuáætlun skólans, „nemendur með annað móðurmál“. https://hvolsskoli.is/mottokuaaetlanir/	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.	Allt skólaárið.
Að nemendur læri að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.	Nemendur fái tækifæri til ræða slík mál innann síns bekks og eða í hópastarfi.	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.	Allt skólaárið
Að nemendur vinni með nýjar upplýsingar og nýtt námsefni sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti.	Jafnt og þétt yfir skólaárið fái kennarar upplýsingar um nýtt námsefni, fundi, ráðstefnur eða annað efni sem nýta má í skólastarfi. Kennarar nýti málefni líðandi stundar til umræðu og fræðslu.	Náms- og starfsráðgjafi og kennarar.	Allt skólaárið.
Að nemendur taki þátt í gerð jafnréttisáætlunar með upplýsingaöflun og mati á stöðunni innan skólans.	Nemendur vinni verkefni s.s. að gera könnun á viðhorfi til fólks af ólíkum uppruna, starfa, orðræðu í skólanum hvað varðar jafnréttismál, greini og ræði niðurstöðurnar.	Jafnréttisnefnd og náms- og starfsráðgjafi.	2021-2024
Að mæla viðhorf nemenda til jafnréttis í skólanum og greina niðurstöður úr Skólapúls og Lesfimi með tilliti til kynja.	Rýna niðurstöður með tilliti til jafnrar stöðu kynjanna.	Sérkennarar, sjálfsmatsnefnd, umsjónakennarar og jafnréttisnefnd.	2021-2024
Nemendur eru fræddir um jafnrétti - leitast er við að skilja án þess að dæma.	Nemendur á öllum stigum skólans skulu fá fræðslu um jafnréttismál, þar sem hugtökin jafnrétti og orðræða menningar eru í fókus, að ógleymdu þróun Íslands sem fjölmennings samfélag. Áherslurnar komi fram í kennsluáætlunum.	Kennarar og námsráðgjafi.	Allt skólaárið
Kynjasambættingar skal gæta í öllu skólastarfi, þar með talið í íþrótt og tómstundastarfi.	Að starfsmenn hafi kynjasambættingu í huga þegar ráðað er í hópa og nefndir. Að nemendum sé gert jafn hátt undir höfði og hafi jafna möguleika í íþróttastarfi. Afbaka þarf fyrir fram myndaðar skoðanir um stelpu/stráka íþróttir.	Allt starfsfólk	Allt skólaárið
Að skólastarf styrki markvisst sjálfsmýnd og trú nemenda á eigin getu.	Nemendur fáist við verkefni við hæfi og gerðar séu „jákvæðar væntingar“ til allra nemenda. Sjálfsmýnd og trú á eigin getu skal efla jafnt og þétt í lífsleikni sem og í náms- og starfsfræðslu. Allir nemendur eiga einnig rétt á þjónustu náms- og starfsráðgjafa, m.a. viðtölum, sjálfstyrkingar- og námstækninámskeiðum eftir þörfum og einstaklingssamtölum við kennara vegna náms- og líðanar.	Allt starfsfólk	Allt skólaárið
Koma í veg fyrir og stöðva að nemendur verði fyrir	Fræðsla fyrir nemendur um hvað felst í kynbundnu ofbeldi, kynbundinni	Skólastjórnendur og kennarar.	Jafnt og þétt yfir skólaárið.

Jafnréttisáætlun Hvolsskóla 2021-2024

kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og séu fagmannlega unnin ef slík mál koma upp.	áreitni og kynferðislegri áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp. Boðið er upp á kynjafræði í vali á elsta stigi. Á öllum stigum er kynjafræðikennsla unnin eftir því sem tækifæri koma upp til umræðu. Unnið er eftir aðgerðaráætlun skólans og sveitarfélagsins um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni innan skólans.		
Starfsmenn			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Eftirfylgni er með jafnréttisáætlun og hvernig henni er viðhaldið	Að farið sé yfir þætti jafnréttisáætlunar skólans árlega vegna skipulagningar skólastarfsins, þ.m.t. fræðslu um jafnrétti, helstu þættir áætlunarinnar ræddir og kynntir starfsmönnum og nemendum með reglubundnum hætti – uppgjör hvers árs skal koma fram í sjálfsmatsskýrslu	Skólastjórnendur Sjálfsmatsnefnd Jafnréttisnefnd	Starfsdagur- kynning fer fram í upphafi hvers skólaárs
Heildarendurskoðun jafnréttisáætlunar	Endurskoðun jafnréttisáætlunar og gerð skýrslu um framgang gerð nýrrar áætlunar sem hefur þriggja ára gildistíma	Jafnréttisnefnd í samráði við skólastjóra	Á hverju ári
Úttekt á hvernig jafnréttisfræðsla birtist í skólanámskrá, námsvísu og kennsluáætlunum.	Fara yfir kennsluáætlanir og námsvísa og sjá hvernig þessi grunnþáttur er samþættur öllum námsgreinum.	Jafnréttisnefnd og skólastjórnendur.	Haustönn hvers skólaárs.
Vekja starfsfólk til umhugsunar um viðhorf sitt til jafnréttismála og hvernig þeir mæta kröfum um jafnréttisfræðslu.	Viðhorfskönnun send á alla starfsmenn og þeir beðnir að ígrunda viðhorf sitt. Samantekt og umræður á fundi með hverju stigi fyrir sig.	Jafnréttisnefnd í samráði við stjórnendur.	Vorönn ár hvert.
„Tölum fallega við hvort annað, við nemendur, foreldra og um skólann okkar“. Að öll orðræða og viðmót starfsfólks skólans endurspegli virðingu fyrir samstarfsfólki, fjölbreyttum nemendahóp, foreldrum og fjölskyldum.	Í upphafi skólaárs, þegar farið er yfir aðgerðaráætlunina er þetta markmið gert að sérstöku umfjöllunarefni. Hver og einn starfsmaður skoðar viðhorf sín og framkomu.	Skólastjórnendur og allt starfsfólk	Allt skólaárið.
Notkun fjölbreytts námsefnis eða námsefnisgerðar	Þegar nýtt námsefni er tekið í notkun þarf að tryggja að innihald þess byggji sem mest á sjónarmiðum jafnréttis og sé laust við fordóma	Kennarar	Eftir því sem við á.
Að endurtaka og ítreka kynningu á jafnrétti sem grunnstoð skólastarfs, jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun.	Á almennum starfsmannafundi verði sérstök kynning og umfjöllun um jafnrétti í skólastarfi, áherslur skólans og aðgerðir.	Jafnréttisnefnd Skólastjóri	Árlega
Að konur og karlar njóti sömu kjara og fái jöfn laun fyrir sömu, sambærileg eða jafn verðmæt störf	Kanna hvort laun og fríðindi starfsmanna séu þau sömu óháð kyni. Ef fram kemur óútskýrður launamunur á milli kynja leiðrétta þá þann mun.	Skólastjóri	2021-2024
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum	Ef hallar á annað kynið í starfsmannahópnum ber að ráða þann af því kyni sem hallar á að því gefnu að einstaklingarnir séu jafn hæfir.	Skólastjóri	2021-2024

Jafnréttisáætlun Hvolsskóla 2021-2024

Að stjórnunar- og ábyrgðastörf standi báðum kynjum til boða.	Gæta að þessu við val/kosningu í stjórnunar- og ábyrgðarstörf.	Skólastjóri / stjórnendur	2021-2024
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.	Fræðsla fyrir starfsfólk um hvað felst í kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp	Skólastjórnendur	Árlega, fyrri hluta skólaárs
Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og verði fagmannlega unnin ef slík mál koma upp	Unnið er eftir aðgerðaráætlun skólans og sveitarfélagsins um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.	Skólastjórnendur	Þegar við á.
Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Jafnréttisáætlun Rangárpings eystra 2019 – 2023 https://www.hvolsvollur.is/is/stjornsysla/stjornsysla/aaetlan-ir-og-stefnur-1	„Starfsfólki gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar/foreldraorlofi og/eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduáðstæðna.“ 3mgr. 21.gr. laga nr. 10/2008.	Skólastjórnendur	Í starfsmannaviðtölum.
Foreldrar			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynna fyrir foreldrum strax að hausti jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun fyrir skólaárið.	Jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun vetrarins er kynnt í foreldraviðtölum með foreldrum og birt í heild sinni á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur sjá til þess að áætlun sé birt á heimasíðu. Umjónarkennarar sjá um kynningu áætlunarinnar á haustfundi/foreldraviðtölum.	Að hausti.
Að foreldrum standi ávallt til boða að hafa tülk á þeim fundum sem skólinn boðar til sé þess einhver kostur.	Umsjónarkennarar og sérkennari skulu leita upplýsinga um hvort fjölskylda óski eftir þjónustu túlks.	Umsjónarkennarar.	Þegar við á, allt skólaárið.
Að tryggja sem jafnasta aðkomu beggja foreldra að skólastarfi t.d. á formlega fundi í skólanum eða þegar foreldrar fá sendan hóppóst. Ef hringja þarf heim og ná í foreldri þarf að hafa hugfast að hringja jöfnum höndum í feður og mæður. Einnig senda tilfallandi tölvupósta varðandi nemanda á báða foreldra.	Allt starfsfólk skólans sem þarf starfs síns vegna að hafa samband við foreldra nemenda verður að hafa þetta markmið hugfast.	Allt starfsfólk	Allt skólaárið.
Foreldrastarf og þátttaka forráðamanna í skólastarfinu sé á jöfnum grunni.	Feður jafnt sem mæður eru jafngild í foreldrastarfi og skal það m.a. sjást í viðtölum við forráðamenn, vali á foreldratenglum og öðrum fulltrúum foreldra í starfi skólans – leitast skal við að virða vilja beggja foreldra varðandi ákvörðunartöku er lítur að barni þeirra	Allt starfsfólk	2021-2024
Að foreldrar/forráðamenn gefst kostur á að taka þátt í jafnréttisviku sveitarfélagsins í nóvember ár hvert.	Árlegur viðburður í nóvember þar sem kastljósið verður sett á jafnrétti með margvíslegum hætti .	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar	Nóvember hvert ár